



Til:
Efni:
Upplýsingar:

thordis.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is
Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum
Sent: 24.07.2018 12:56:36 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018060017, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018060017

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 5. júní sl, þar sem er óskað eftir umsögn um verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum.

Meðfylgandi eru nokkra athugasemdir og ábendingar um atriði sem betur mætti úfæra í framangreindri verndar- og stjórnunaráætlun. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til umræðu um neðangreint sé þess óskað.

Drög að verndaráætlun fyrir Hornstrandafriðland.

Athugasemdir og ábendingar um hluti sem má útfæra betur.

- 1) Koma mætti fram í kafla um dýralíf að fimm alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði séu innan friðlandins, þar á meðal tvö af stærstu fuglabjörgum landsins. Vísa má í fjölrit NÍ frá 2017.
- 2) Það virðist vanta skýra umfjöllun um hefðbundnar nytjar t.d eggjatöku í björgum og fuglaveiði í björgum eða á sjó. Hverjir hafa leyfi til að stundar hefðbundnar nytjar þegar enginn býr lengur á svæðinu og eigendur skipta tugum? Hvernig er tekin ákvörðun um nytjarnar, hverjir hafa hlunnindakort. Þetta þarf að skoða betur og útfæra betur. Athuga t.d. í samhengi við válistategundir og hvort það er hreinlega ekki orðið úrelt að vera með mikla eggjatöku á þessu svæði, friðlandi, í það minnsta hafa reglur skýrari. Þetta þarf örugglega að ræða við landeigendafélagið o.s.frv.
- 3) Skotveiðar eru bannaðar í friðlandinu skv. reglugerð 437/1995 og þar með eru selir og fuglar líka friðaðir fyrir skotveiði. Upplýsingar vantar um hvað þetta skotveiðibann nær langt út á sjó. Skoða í samhengi við lög nr. 64/1994.
- 4) Reglur um heimsóknir á svæðið að vetrarlagi (eða almennt frá september til maí) þurfa að vera skýrari. Allar heimsóknir á þessum tíma ættu að vera leyfisskyldar, kemur fram í texta en þarf að vera skýrara. Landtaka báta sem koma erlendis frá er orðin algeng að vetrarlagi. Það er bæði heilbrigðis/umhverfis- og tollamál, sem ekki ætti að láta viðgangast. Ekkert eftirlit eða landvarsla er á svæðinu á þessum tíma og því um að ræða öryggismál fyrir fólk og umhverfi.
- 5) Ítreka þarf bann við umferð ökutækja, ekki síst vélsleða að vetrarlagi. Einnig að minna á fjarlægð og stærð skipa eða flugvéla (þyrlla) nálægt björgum á varptíma. Jafnframt að nefna bann við notkun flygilda og almennt þess sem veldur hávaða í nálægð við björgin (þokulúðrar báta).
- 6) Leiðsögumenn sem fara með gesti um svæðið þyrftu að hafa setið námskeið eða kynnt sér sérstaklega þessar nýju reglur. Hugsanlega mætti gera kröfu á að þekking þeirra væri staðfest.
- 7) Upplýsingar um reglur þurfa að vera vel kynntar og öllum sýnilegar. Þær ættu að liggja frammi á upplýsingamiðstöð og í bátum sem ferja fólk í friðlandið. Leiðsögumenn og annað starfsfólk í ferðaþjónustu og bátum þarf að vera sérstaklega vel upplýst.
- 8) Viðurlög við brotum á reglum þessum þurfa að vera nægilega skýr og greinileg. Gera þarf ferðaþjóna að einhverju leyti ábyrga fyrir gestum sínum, bæði hvað varðar öryggi og

umgengni. Það eykur líkur á að allir séu vel upplýstir.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

